




Varðar: Hólmsheiðarvegur 151, fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn ásamt bréfi Landsnets hf., dags. 6. febrúar 2023, um breytingu á deiliskipulagi Hólmsheiði Landsnet, vegna lóðarinnar nr. 151 við Hólmsheiðarveg sem felst í nýbyggingu, samkvæmt uppdr. Joda arkitekta dags. 26. janúar 2023.



Hluti AR 2040



Athafnasvæði Landsnets, hluti deiliskipulags.

Skipulagsleg staða

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt því er liðin á skilgreindu iðnaðarsvæði en um þess konar svæði segir í aðalskipulaginu: „Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ. m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. (gr. 6.2.f. í skipulagsreglugerð).“

Skilgreining svæðisins í aðalskipulaginu er I1a. Geitháls þar sem gert er ráð fyrir tengivirki Landsnets en ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi á svæðinu.

Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið samþykkt í Borgarráði dags. 26. september 2007 með síðari breytingum.





Möguleg stækkun byggingarreits til suðurs.

Umsögn

Fyrirspurnin varðar fyrirhugaða nýbyggingu (vélageymslu) á lóð Landsnets hf., á lóð félagsins á Geithálsi, Hólmsheiði. Í gildandi deiliskipulagi eru fjórir byggingarreitir afmarkaðir innan lóðar en aðkoma að byggingarreit I er talin frekar óaðgengileg vegna legu loftlína. Húsgerðir núverandi húsa innan byggingarreita eru vörugeymslur og verkstæðis- og lagerbygging. Ljóst er að lega loftlína hamlar uppbyggingarmöguleikum á byggingarreit I en línan þverar reitinn frá norðausturs til suðvesturs. Hæð fyrirhugaðrar vélageymslu er áætluð samkvæmt fyrirliggjandi teikningum um 7 m og er staðsetning sunnan við byggingarreit I mun ákjósanlegri með tilliti til þessa. Stækka þarf því byggingarreit I til suðurs og jafnvel breyta núverandi vestanverðri afmörkun með tilliti til áhrifsvæðis loftlína.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið og að unnin verði tillaga að breytingu á deiliskipulagi í samráði við skipulagsfulltrúa.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.

